

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Egilsstaðir, 16.8.2024
UST202402-095/F.Æ.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 21. júní 2024 - Benchmark Genetics Iceland hf., Kollafirði, ID344

Þann 21. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. í Kollafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Fjögur frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram:

- Losun á fosfór árið 2021 var umfram heimild í starfsleyfi.
Frávikinu er lokað.
- Losun fosfórs í viðtaka árið 2022 var yfir þeim mörkum sem sett eru í starfsleyfi.
Frávikinu er lokað.
- Framleiðsla árið 2022 var yfir leyfilegu hámarki skv. starfsleyfi.
Rekstraraðili vann eftir samþykktari úrbótaáætlun varðandi þetta frávík og voru áætluð verklok snemma á árinu 2024. Úrbótum er ekki lokið og er frávikið því enn opið.
- Talsvert af villtum fugli sækir í útrás stöðvarinnar.
Breytingar hafa verið gerðar á frárennsli stöðvarinnar og sáust ekki óeðlilega margir fuglar í kringum útrásina í eftirliti ársins. Frávikinu er því lokað.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

- Taka skal sýni úr öllu frárennslisvatni stöðvarinnar og meta eða mæla heildar rennsli frárennslisins.
- Uppfæra þarf vöktunaráætlun rekstraraðila.
- Fara þarf yfir hvaða öryggisblöð er tilefni til að hafa aðgengileg í efnageymslu.

Tvö frávík komu fram er varða:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 21 tonn sem er umfram heimild skv. starfsleyfi.

2. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. september 2024.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur